



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 6. mars 2012

Ákvörðun nr. 9/2012

## **Yfirtaka BMV Holding ehf. á BM Vallá ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi dags. 14. október 2011 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaðan samruna BMV Holding ehf. (hér eftir BMV) og BM Vallár ehf. (hér eftir BM Vallá). Sama dag barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Þann 25. október barst svo greiðsla samrunagjalds, en greiðsla slíks gjalds markar upphaf málsmeðferðar samrunamáls og byrja frestir samkvæmt samkeppnislögum þá að líða.<sup>1</sup>

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna og sjónarmiða frá samrunaaðilum, keppinautum þeirra og öðrum aðilum sem tengjast þeim mörkuðum sem málið varða. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þeirra aðila sem upplýsinga hefur verið aflað frá skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls er þeirra getið hér. Auk þess hefur stofnunin nýtt sér gögn úr fyrri rannsóknum á viðkomandi og tengdum mörkuðum.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að aðilarnir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að sett eru skilyrði sem ryðja eiga úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem leiða af samrunanum.

### **II.**

#### **Niðurstaða**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar. Þá verður gerð grein fyrir forsendum þess að talið er rétt að grípa til íhlutunar vegna samrunans og þeim skilyrðum lýst sem Samkeppniseftirlitið telur að gilda eigi um samrunann til að koma megi í veg fyrir samkeppnishömlur sem af honum kunna að leiða, en samrunaaðilar hafa fallist á að hlíta þessum skilyrðum.

---

<sup>1</sup> Sjá reglur nr. 901/2011 um breytingu á reglum nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, birtar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október 2011.



## 1. Samruninn og samrunaaðilar

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Aðilar í eigendahópi BM Vallár eru allmargir en Norcem er leiðandi í þeim hópi með samtals 52% eignarhlut, eins og komið verður nánar að síðar. Aðrir aðilar í eigendahópnum hafa margir hverjir komið að starfsemi fyrirtækja á mörkuðum tengdum þeim sem BM Vallá starfar á og nokkrir þeirra hafa starfað innan á sviðum tengdum byggingariðnaði á Íslandi.

BMV er fyrirtæki sem hefur þann eina tilgang, samkvæmt samrunaskrá, að fara með eignarhald á hlutum í BM Vallá. Engin önnur starfsemi fer fram í félaginu. Eigendur BMV eru L1034 ehf. (hér eftir L1034) og Norcem á Íslandi ehf. (hér eftir Norcem). Eigandi Norcem er Norcem AS og eigandi Norcem AS er HeidelbergCement AG. Norcem fer með 49% hlut í BMV. L1034 fer með 51% hlut í BMV. Eigendur L1034 eru Björgun ehf. (hér eftir Björgun) sem fer með 29,4% hlut, Jarðefnaiðnaður ehf. (hér eftir Jarðefnaiðnaður) sem fer með 29,4% hlut, Suðurhraun ehf. (hér eftir Suðurhraun) sem fer með 19,6% hlut, Hlér ehf. (hér eftir Hlér) sem fer með 11,8% hlut, Harðbakur ehf. (hér eftir Harðbakur) sem fer með 4,9% hlut og Suðurverk ehf. (hér eftir Suðurverk) sem einnig fer með 4,9% hlut. Þess má einnig geta að Björgun er í eigu Björgun Holding ehf. (hér eftir Björgun Holding) og er Björgun Holding í eigu Harðbaks (16,47%), Jarðefnaiðnaðar (9,41%), Suðurverks (16,47%), Hlés (9,41%), Norcem (20%), Guðmundar Inga Karlssonar (14,12%) og Sveinbjörns Runólfssonar (14,12%). Því má að auki bæta við að Guðmundur Ingi Karlsson fer með 25% hlut í Suðurhrauni, eins samrunaaðila þessa máls.

L1034 er félag sem hefur þann eina tilgang, samkvæmt samrunaskrá, að fara með eignarhald á hlutum Björgunar, Harðbaks, Suðurverks, Suðurhrauns, Jarðefnaiðnaðar og Hlés í BMV.

Norcem er, eins og áður segir, dótturfélag norska félagsins Norcem AS. Tilgangur félagsins hefur verið eignarhald á hlut í Sementsverksmiðjunni ehf. (fer með 49% hlut í L1022 ehf. sem fer með 73,7% hlut í Sementsverksmiðjunni ehf.). Á tímabili flutti félagið, samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá, inn sement til Íslands en sá innflutningur hafði, þegar samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu, lagst af (sjá þó umfjöllun síðar í þessari ákvörðun). Norcem AS framleiðir og selur sement til byggingariðnaðar. Starfsemin er aðallega í Noregi en einnig er nokkur starfsemi annars staðar í Skandinavíu og Eystrasaltsríkjunum. Úflutningur er einnig til Bandaríkjanna og Rússlands. Norcem AS er dótturfélags þýska félagsins HeidelbergCement AG. Í sambandi við þetta, sem fram kemur í samrunaskrá, má benda á frétt af vef Morgunblaðsins frá 23. nóvember sl. þar sem fram kemur að Sementsverksmiðjan ehf. hafi ákveðið að hætta sementsframleiðslu ef aðstæður á markaði breytist ekki verulega á næstu tveimur árum og muni verksmiðjan þess í stað hefja innflutning á sementi frá Norcem AS til hafna á Akranesi og á Akureyri.



Björgun er félag sem hefur þann tilgang að annast björgun skipa og annarra verðmæta, öflun efna af hafsbotni, námuvinnslu, hafnargerð og aðra verktakastarfsemi ásamt efnissölu og skyldri starfsemi, svo og rekstur skipa og fasteigna, hafnardýpkanir og landgerð. Um starfsemi Björgunar má einnig vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2011 *Yfirtaka NBI hf. á Björgun ehf.* Björgun var selt til Björgunar Holding þann 30. júní 2011 eftir að hafa verið í eigu Hamla ehf., eignarhaldsfélags Landsbankans. Kaupin fólu ekki í sér tilkynningarskyldan samruna en Samkeppniseftirlitið var engu að síður upplýst um þau. Vegna eignarhalds Norcem á 20% hlut í Björgun Holding eykst hlutur félagsins í BM Vallá. Norcem fer með 49% hlut í BM Vallá í beinu eignarhaldi en þegar eignarhlutur félagsins í Björgun Holding er tekinn með fer Norcem með samtals 52% eignarhlut og þar af leiðandi meirihluta í BM Vallá.

Jarðefnaiðnaður er fyrirtæki sem vinnur og selur vikur, aðallega til útflutnings. Helstu vikurnámur félagsins eru við Heklu.

Suðurhraun er eignarhaldsfélag með þann tilgang að kaupa og reka fasteignir, veita ráðgjöf, kaupa hlutabréf, hafa með höndum lánastarfsemi og tengdan rekstur. Félagið var stofnað árið 1997 sem eignarhaldsfélag Pípugerðarinnar ehf. og varð síðar fjárfestingafélag, en samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá hefur engin starfsemi verið í félaginu frá árinu 2008.

Hlér er fjárfestingafélag sem á nokkrar fasteignir og eru helstu tekjur þess leigutekjur. Samkvæmt samrunaskrá er félagið að fullu í eigu Guðmundar Ásgeirssonar en samkvæmt upplýsingum frá CreditInfo fer Guðmundur með 91,75% hlut í félaginu en það sem eftir stendur er í eigu óþekktra hluthafa.

Harðbakur er eignarhaldsfélag í eigu Þorsteins Vilhelmssonar og er ekki eigandi að öðrum fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði BM Vallár samkvæmt samrunaskrá. Þess má þó geta að Þorsteinn Vilhelmsson er stjórnarformaður Björgunar og Björgunar Holding.

Suðurverk er fyrirtæki sem starfar á sviði almennrar verktöku í jarðvinnu og vélaleigu. Helstu verkefni fyrirtækisins undanfarin ár hafa falist í hafna- og vegagerð.

BM Vallá er fyrirtæki sem framleiðir steypu, hellur, einingar og múr og vinnur og selur fyrirtækið jafnframt vikur.

Kaup BMV á BM Vallá fela í sér að BMV eignast allt hlutafé í BM Vallá og telst BMV þar með hafa yferráð yfir BM Vallá með þeim hætti að um er að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þá er ljóst að veltuskilyrði 17. gr. a samkeppnislaga eru uppfyllt og kemur samruni þessi því til skoðunar samkvæmt samrunaákvæðum laganna.

## **2. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim**

Í kafla 7 við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:



*„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.*

*Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.“*

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Í áður tilvitnuðum reglum um tilkynningu samruna segir svo um landfræðilegan markað:

*„Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“*

Ekki er þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum í þessu máli en í nýlegum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2010 *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá*, 5/2011 *Yfirtaka NBI hf. á Björgun ehf.* og 13/2011 *Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf.* var fjallað um suma þá markaði sem hér koma við sögu. Hér á eftir verður fjallað um stöðu þeirra fyrirtækja sem um ræðir í máli þessu á þeim mörkuðum sem þau starfa.

BM Vallá er eins og áður segir fyrirtæki sem framleiðir steypu, hellur, einingar og múr og vinnur fyrirtækið jafnframt vikur. Fjallað var um BM Vallá í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2010 *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá*. Er fyrirtækinu þar lýst með svofelldum hætti:

*„BM Vallá starfar á fleiri en einum markaði sem að einhverju leyti eru ólíkir um samkeppnislegt aðhald. Þannig eru keppinautar mismargir eftir því hvort litið er til sölu á steypu, hellusölu eða sölu á forsteyptum einingum. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir hins vegar til þess að markaðshlutdeild BM Vallár á öllum þeim mörkuðum og undirmörkuðum sem til greina kemur að skilgreina í máli þessu sé vel yfir 50% og mun hærri en markaðshlutdeild næststærsta keppinautarins. [...] Ljóst er af framangreindu að hin yfirtekna starfsemi BM Vallár nýtur sterkrar stöðu á þeim mörkuðum*



*sem félagið starfar á og er mögulega markaðsráðandi miðað við hina háu markaðshlutdeild félagsins."*

Þessu til viðbótar var fjallað um sterka stöðu Arion banka á viðskiptabankamarkaði sem talin var styrkja enn frekar stöðu BM Vallár. Samkeppniseftirlitið taldi því að samruninn hefði umtalsverða hættu í för með sér á því að samkeppni yrði raskað og var gerð sátt í málinu sem fól það í sér að samrunaaðilar sættu ákveðnum skilyrðum, en um þau vísast til ákvörðunarinnar. Hér á eftir verður fjallað nánar um þá markaði sem við sögu koma í máli þessu.

## 2.1 Efnissölumarkaður

Fjallað var um efnissölumarkaðinn í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2011, *Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf.*, og kemur þar fram að fáir aðilar starfi á höfuðborgarsvæðinu á markaðnum en hár flutningskostnaður hamli samkeppni milli náma sem eru staðsettar í ólíkum landshlutum. Ekki þótti ástæða til þess í fyrrgreindri ákvörðun að taka nánari afstöðu til efnissölumarkaðarins en bent var á að til greina kæmi að skipta efnissölumarkaðnum í nokkra undirmarkaði með hliðsjón af mismunandi eiginleikum efnanna.

Eftir rannsóknir í tengslum við það mál og fyrri mál sem tengdust sömu mörkuðum, t.a.m. ákvörðun nr. 5/2011, *Yfirtaka NBI hf. á Björgun ehf.*, telur Samkeppniseftirlitið ljóst að efnissölumarkaðurinn samanstandi af landnámmum og efnisnámi úr hafi, en þegar að efnisnámi úr hafi kemur er aðeins einn aðili á markaði, þ.e. Björgun. Björgun er einn eigenda BMV og ber því að fjalla hér um fyrirtækið.

Ætla verður að Björgun starfi á fleiri en einum markaði, sem að einhverju leyti eru ólíkir um samkeppnislegt aðhald. Þannig eru keppinautar mismargir eftir því hvort litið er til efnissölu, efnisvinnslu eða landþróunar. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir hins vegar til þess að markaðshlutdeild Björgunar á þeim mörkuðum og undirmörkuðum sem til greina koma í þessu máli og Björgun starfar á sé umtalsverð. Þegar kemur að dýpkun og malarnámi úr hafi er Björgun í einokunarstöðu en félagið hefur yfir að ráða tveimur dýpkunarskipum, D/S Sóleyju og D/S Perlu. Einnig kemur fram í ákvörðun nr. 5/2011 að markaðshlutdeild Björgunar sé þó nokkur á efnissölumarkaði. Starfsemi Björgunar nýtur því sterkrar stöðu á þeim mörkuðum sem félagið starfar á og er fyrirtækið mögulega markaðsráðandi, að minnsta kosti á markaðnum fyrir efnisnám úr hafi. Vísað er til ákvörðunar nr. 5/2011 í samrunaskrá og verður því að telja að leggja megi upplýsingar úr henni til grundvallar í máli þessu.

Í ákvörðun nr. 13/2011 kemur fram að þau fyrirtæki sem fjallað var um þar selji efni til aðila sem framleiða steypu og einingar, öðrum en BM Vallá. eru þau fyrirtæki því í samkeppni við Björgun hvað varðar sölu á efni úr landnámmum. Markaðshlutdeild Björgunar er mikil á markaði fyrir efnissölu en Björgun sér BM Vallá og fleiri aðilum fyrir efni. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins í tengslum við ákvörðun nr. 31/2010, *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá*, benti til þess að BM Vallá væri í markaðsráðandi stöðu á öllum þeim mörkuðum og undirmörkuðum sem til greina kom að skilgreina í málinu. Var



markaðshlutdeild BM Vallár vel yfir 50% og mun hærri en markaðshlutdeild næststærsta keppinautar.

Á efnissölumarkaði starfar ásamt Björgun annar samrunaaðili, Jarðefnaiðnaður. Fyrirtækið vinnur og selur vikur, en hefur einnig námaleyfi í námu í Þrengslum sem hefur verið framleigt Björgun til ársins 2017. Að auki skal nefnt að BM Vallá vinnur einnig efni sjálft. Er þar um að ræða vinnslu á vikri, líkt og hjá Jarðefnaiðnaði. Eru þessi tvö fyrirtæki því í beinni samkeppni hvað það varðar. Jarðefnaiðnaður selur vikur nær eingöngu til útflutnings og BM Vallá selur til útflutnings en einnig nýtir fyrirtækið vikur í t.a.m. múrframleiðslu innanlands. Samrunaaðilar meta það svo að markaðshlutdeild fyrirtækjanna beggja á þeim markaði sem snýr að vikurvinnslu og -sölu sé hverfandi þar sem markaðurinn sé stærri en einungis innanlandsmarkaður. Stærstur hluti vikurs sé seldur til Noregs, Svíþjóðar, Hollands og Þýskalands.

Samkeppniseftirlitinu er ekki kunnugt um að innflutningur á vikri eigi sér stað til Íslands en stærstur hluti íslensks vikurs er fluttur úr landi þar sem hann er t.a.m. notaður við framleiðslu svokallaðrar léttsteypu. Innanlands er vikur notaður að takmörkuðu leyti, þ.e. aðallega í múrframleiðslu og einnig eru framleiddar milliveggjaplötur úr vikri hér á landi. Innlend notkun vikurs er því ekki stór hluti af heildarvikurnámi sem fram fer hérlendis en á innanlandsmarkaði er aðeins um tvo aðila að ræða, Jarðefnaiðnað og BM Vallá.

## 2.2 Framleiðslumarkaður

BM Vallá framleiðir steypu, hellur, einingar og múr. Í samrunaskrá kemur fram að BM Vallá hafi tvo meginkeppinauta á steypuframleiðslumarkaði, Steypustöðina og Steypustöðina Borg. BM Vallá og Steypustöðin hafi verið með svipaða markaðshlutdeild á steypuframleiðslumarkaði en Steypustöðin Borg minni hlutdeild. Þó sé ljóst eftir samruna ST eignarhaldsfélags og Steypustöðvarinnar að markaðshlutdeild Steypustöðvarinnar hafi styrkst umtalsvert og sé félagið nú án efa með markaðsráðandi stöðu á markaðnum en það megi ráða af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2011, sem sneri að samrunanum, þar sem stofnunin hafi talið það nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði. Bent er og á það í samrunaskrá að Björgun hafi þegar fundið fyrir samrunanum í sínum rekstri þar sem markaðshlutdeild félagsins í steypuefnasölu hafi ápreifanlega minnkað eftir áðurgreindan samruna.

Þess má geta að í ákvörðun 13/2011 kemur fram að Samkeppniseftirlitið hafi talið hættu á að sá samruni sem um ræddi í því máli gæti haft í för með sér hættu á röskun á samkeppni, m.a. á þann hátt að aðilum í steypuframleiðslu yrði mismunað í verði og öðrum viðskiptakjörum vegna efniskaupa þeirra til steypuframleiðslunnar án þess að málefnaleg sjónarmið byggju þar að baki. Viðræður við fyrirsvarsaðila ST eignarhaldsfélags leiddu til þess að sátt var gerð í málinu með setningu skilyrða sem ætlað var að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandkvæði. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin sem sett voru þá séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandkvæðum sem ella hefðu getað skapast með umræddum samruna. Rétt er að taka fram að í ákvörðuninni var ekki tekið af skarið um það að Steypustöðin væri markaðsráðandi.



Eftir rannsókn Samkeppniseftirlitsins á markaðshlutdeild helstu steypuframleiðenda á Íslandi kom í ljós að BM Vallá nýtur enn mjög sterkrar stöðu á markaði fyrir sölu á steypu. Ekki er talin ástæða til þess að hvíka frá því mati sem Samkeppniseftirlitið miðaði við í ákvörðun nr. 31/2010 hvað það varðar, en áður hefur verið skýrt frá því mati sem fram kom í umræddri ákvörðun.

BM Vallá framleiðir einnig múr og eru helstu keppinautar fyrirtækisins á þeim markaði Steypustöðin, Flotgólf ehf. og Byko ehf. samkvæmt samrunaskrá. Einnig er bent á að sumir verktakar flytji múr inn sjálfir. Fram kemur í samrunaskrá að BM Vallá er eini framleiðandi múrs hér á landi, hins vegar sé innflutningur mikill og áætli BM Vallá að hann nemi upp undir 50% af notkun múrs hérlendis. Af þeirri ástæðu telur félagið ljóst að markaður fyrir framleiðslu á múr sé stærri en Ísland, sennilega Evrópa eða að minnsta kosti Norður-Evrópa. Viðskiptavinir BM Vallá sem kaupa múr eru einkum verktakar og einstaklingar en undanfarið hafi félagið lagt meiri áherslu á sölu á múr erlendis.

Eins og áður segir rannsakaði Samkeppniseftirlitið þá markaði sem við sögu koma í máli þessu, m.a. markað fyrir sölu á múrvörum. Leiddi sú rannsókn í ljós að BM Vallá hefur umtalsvert háa markaðshlutdeild á þeim markaði hérlendis, töluvert hærrí en markaðshlutdeild næsta keppinautar. Er BM Vallá því í sterkri stöðu á þeim markaði hérlendis að mati Samkeppniseftirlitsins. Samkeppnislegt aðhald á markaði fyrir sölu á múrvörum er meira hérlendis en á t.d. markaði fyrir sölu á steypu, en áður hefur komið fram að samkeppnislegt aðhald sé mismunandi eftir því um hvaða markað sem BM Vallá starfar á sé að ræða.

BM Vallá framleiðir hellur og eru helstu keppinautar félagsins þar Steypustöðin og Steindir ehf. Segir í samrunaskrá að BM Vallá og Steypustöðin hafi svipaða stöðu á markaðnum en að Steindir hafi litla markaðshlutdeild. Í samrunaskránni kemur þó fram á öðrum stað að BM Vallá áætli að hafa um eða yfir 60% markaðshlutdeild á umræddum markaði, Steypustöðin hafi um 30-35% markaðshlutdeild og Steindir um 5% markaðshlutdeild.

Telja verður að landfræðilegur markaður fyrir sölu á hellum sé Ísland allt. Samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins er BM Vallá í mjög sterkri stöðu á þeim markaði.

BM Vallá starfar einnig á markaði fyrir framleiðslu forsteyptra eininga og eru helstu keppinautar félagsins á þeim markaði Loftorka Borgarnesi ehf. og Einingaverksmiðjan ehf. Á þessum markaði áætla BM Vallá að vera með um 30-40% markaðshlutdeild líkt og Loftorka ehf. en áætlað er að Einingaverksmiðjan ehf. hafi um 20-30% markaðshlutdeild.

Telja verður að landfræðilegur markaður fyrir forsteyptar einingar geti ekki verið stærri en Ísland vegna erfiðleika við flutninga og hás flutningskostnaðar slíkra þunga vara um langan veg.

Samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins er samkeppnislegt aðhald á markaði fyrir framleiðslu forsteyptra eininga meira en á sumum þeim mörkuðum sem fjallað hefur verið um hér á undan og BM Vallá starfar á. Ef markaðnum er skipt niður í forsteyptar



einingar annars vegar til húsbygginga og hins vegar aðrar einingar má sjá að markaðshlutdeild fyrirtækjanna breytist örlítið, en þó ekki þannig að það hafi áhrif í máli þessu. Þrátt fyrir samkeppnislegt aðhald á umræddum markaði er staða BM Vallár sterk á markaðnum.

Þeir markaðir sem eigendur BMV starfa á voru einnig kannaðir að hluta, það er hvað varðar þau fyrirtæki sem starfa á tengdum mörkuðum við þá sem BM Vallá starfar á. Verður hér nánar fjallað um þá rannsókn.

### 2.3 Aðrir tengdir markaðir

Ljóst er af öllu ofangreindu að BM Vallá er í sterkri stöðu á þeim mörkuðum sem félagið starfar og að hluti samrunaaðila starfar á sömu eða tengdum mörkuðum og eru þeir aðilar almennt einnig í sterkri stöðu á þeim mörkuðum sem þeir starfa. Í kaflanum hér að ofan þar sem fjallað er um efnissölumarkaði var fjallað um Björgun og Jarðefnaiðnað og vísast til þeirrar umfjöllunar um þau fyrirtæki. Um Sementsverksmiðjuna og Norcem verður fjallað hér á eftir.

Suðurverk starfar á tengdum markaði við þá markaði sem BM Vallá starfar á. Eins og áður segir starfar Suðurverk við almenna verktöku í jarðvinnu og hafna- og vegagerð. Hefur fyrirtækið t.d. starfað við byggingu Landeyjahafnar og lagningu Suðurstrandavegar. Hefur fyrirtækið því undanfarið látið þó nokkuð að sér kveða innan verktakamarkaðarins. Samkvæmt samrunaskrá hefur fyrirtækið almennt um [...] markaðshlutdeild en vegna stórra verkefna undanfarið hefur fyrirtækið haft sterkari stöðu en almennt má telja að það hafi. Eftir viðræður við aðila á þeim mörkuðum sem um ræðir í máli þessu og tengdum mörkuðum, auk þeirra upplýsinga sem fram koma í samrunaskrá og á heimasíðu fyrirtækisins, liggur ljóst fyrir að Suðurverk er öflugt fyrirtæki á þeim mörkuðum sem það starfar.

### 2.4 Sementsverksmiðjan ehf.

Ástæða er til þess í máli þessu að fjalla um það að eigendahópur sá sem stendur að BM Vallá er að stórum hluta sá sami og stendur að Sementsverksmiðjunni ehf. Að auki hefur verið ákveðið, í samráði við samrunaaðila, að setja Sementsverksmiðjunni skilyrði í ákvörðun þessari vegna þess að eignarhald á Sementsverksmiðjunni eftir yfirtöku hennar er að mörgu leyti sameiginlegt með eignarhaldi á BM Vallá.

Nýverið komst samruni til framkvæmda þar sem Arion banki hf., L1022 ehf. og Lýsing ehf. tóku yfir Sementsverksmiðjuna ehf. BM Vallá hafði áður verið eigandi að Sementsverksmiðjunni en er það ekki lengur. Enn liggur ekki fyrir ákvörðun á því máli.

Eigendur að L1022 ehf. eru Björgun og Norcem, en hér að ofan var fjallað um eignarhald á þeim félögum og vísast til þeirrar umfjöllunar. Sementsverksmiðjan framleiddi sement og selur það en samkeppnisráð skilgreindi markaði þá sem Sementsverksmiðjan starfaði á í ákvörðun nr. 32/2002 *Erindi Aalborg Portland Íslandi hf. vegna viðskiptahátta Sementsverksmiðjunnar hf. sem „annars vegar framleiðsla og sala á sementi og hins vegar innflutningur og sala á sementi“*.

---

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.





Sementsverksmiðjan sér m.a. BM Vallá fyrir sementi til múr- og steypuframleiðslu og er verksmiðjan því í beinum viðskiptum við fyrirtækið. Sú breyting hefur þó orðið frá því samrunatilkynningar bárust Samkeppniseftirlitinu að verksmiðjan hefur hætt framleiðslu á sementi og stefnt er að því að sement sem selt verður frá verksmiðjunni verði innflutt sement gegnum Norcem. Ljóst er að samkeppnisleg vandkvæði gætu fylgt því að hluti eigendahóps BM Vallár sé einnig eigendahópur að Sementsverksmiðjunni vegna viðskipta fyrirtækjanna hvors við annað. Taka ber mið af því í máli þessu.

### III.

#### Íhlutun

Vegna þeirrar stöðu að samrunaaðilar eiga viðskipti hver við annan og eru jafnvel í beinni samkeppni hver við annan auk þess sem samrunaaðilar eiga einnig í viðskiptum við samkeppnisaðila BM Vallár telur Samkeppniseftirlitið að samruni sá sem hér um ræðir gæti haft í för með sér hættu á því að samkeppni yrði raskað á þann hátt að aðilum á mörkuðunum sem um ræðir gæti verið mismunað í verði og öðrum viðskiptakjörum án þess að málefnaleg sjónarmið byggju að baki. Einnig skal nefnt í því sambandi að ákveðin hætta getur skapast á því að viðskipti fyrirtækjanna innan eigendahópsins eigi sér stað á þann hátt að ekki sé farið eftir því að framkvæma þau eins og um óskylda aðila sé að ræða, þ.e. að kjör verði ólík innan eigendahópsins en utan hans.

Auk þess má nefna hættu á samtvinnun vara, þannig að keppinautar/viðskiptamenn séu neyddir til þess, eða sjái sér ekki hagsmuni í öðru en, að kaupa til að mynda vöru frá einum samrunaaðila og þeirri vöru fylgi sú kvöð að kaupa verði þjónustu frá öðrum samrunaaðila einnig. Hætta er þar að auki á því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar viðskiptamanna berist til keppinauta þeirra t.a.m. á þann hátt að fyrirtæki utan eigendahópsins kaupi vöru af fyrirtæki innan eigendahópsins, það fyrirtæki láti annað fyrirtæki innan eigendahópsins vita af því sem er í beinni samkeppni við kaupandann o.s.frv. Einnig má nefna að ef af samrunanum verður mun framboð á vikri á Íslandi í raun færast á eina hendi.

Með samrunanum verður samþjöppun á umræddum mörkuðum töluverð og samkeppnislegt landslag breytist úr því að margir aðilar starfi á tengdum mörkuðum í það að tvær blokkir myndast í lóðréttri virðiskeðju allt frá töku hráefnis til lokaafurðar. Þar fyrir utan stæðu svo minni aðilar á mörkuðum og gæti samruninn hugsanlega dregið úr möguleikum þeirra aðkeppa við stærri aðila. Að auki telur Samkeppniseftirlitið að með einokunarstöðu Björgunar, hvað varðar efnisnám úr hafi, gæti skapast samkeppnisröskun. Sérstaklega eftir að staða fyrirtækisins styrktist í kjölfar þess samruna sem hér er til umfjöllunar.

Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við fyrirsvarsaðila samrunaaðila leitt til þess að sátt hefur verið gerð í málinu með setningu skilyrða sem ætlað er að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandkvæði. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandkvæðum sem ella hefðu skapast með samrunanum. Skilyrðin hafa hlotið umsögn hjá öllum þeim fyrirtækjum sem þau snúa að og einnig hefur verið leitað sjónarmiða hagsmunaaðila og keppinauta hvað þau varðar.



#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

Kaup BMV Holding ehf. á BM Vallá ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á að ógilda samrunann:

##### 1.

Eftirtöldum aðilum, BM Vallá ehf., Jarðefnaiðnaði ehf., Sementsverksmiðjunni ehf., Björgun ehf. og Norcem á Íslandi ehf. (hér eftir nefnd Fyrirtækin) er óheimilt að mismuna viðskiptavinum sínum í verði eða öðrum viðskiptakjörum við sölu á vörum eða þjónustu umfram það hagræði sem ætla má að Fyrirtækin, hvert fyrir sig, hafi af umfangi viðskiptanna og málefnalegar ástæður liggi því til grundvallar.

##### 2.

Þegar og ef viðskipti eiga sér stað milli tveggja eða fleiri Fyrirtækja skal með þau farið líkt og viðskipti milli óskyldra aðila.

##### 3.

Skulu Fyrirtækin tryggja með fullnægjandi hætti að starfsfólk og stjórnarmenn þeirra miðli ekki viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um starfsemi viðskiptavina og/eða samkeppnisaðila þeirra milli Fyrirtækjanna.

##### 4.

Fyrirtækjunum er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á einhverjum þeirra vara sem þau selja eða einhverri þeirri þjónustu sem þau veita að aðrar vörur eða þjónusta viðkomandi fyrirtækis eða annarra fylgi með í kaupunum. Að auki eru verð eða viðskiptakjör sem jafna má til slíkra skilyrða óheimil.

##### 5.

Fyrirtækjunum er óheimilt að synja samkeppnisaðilum um viðskipti nema ríkar málefnalegar ástæður séu forsenda sölusynjunarinnar.

##### 6.

Þegar gerð er krafa í útboði um notkun ákveðinnar tegundar efnis, sem svarar til þess efnis sem Björgun aflar úr hafi og hefur eitt fyrirtækja héraendis námaleyfi til að afla, og Björgun gerir tilboð í verkið bæði sem hráefnasali og verktaki skal farið með sölu á hráefninu til verktakahluta Björgunar líkt og um viðskipti milli óskyldra aðila sé að ræða.

##### 7.

Samrunaaðilar þeir sem ofangreind skilyrði snúa að skulu setja sér reglur þar sem fram kemur hvernig aðilarnir hyggjast tryggja það að farið verði eftir þeim skilyrðum sem hér koma fram. Skal það einnig tryggt að eftirlit verði með því



**hvort farið sé að skilyrðunum og reglunum. Reglurnar skulu berast Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en 30. apríl 2012.**

**Viðurlög**

**Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.**